



Bæjarráð Kjósahrepps
Ásgarður Kjós
276 Mosfellsbæ

Reykjavík, 30. janúar. 2020

Erindi: Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna

Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmálans á Íslandi, árið 2013, varð mikil aukning í eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu sáttmálans. Á það ekki síst við sveitarfélög og skólafnanir sem hafa kallað eftir aðstoð og stuðningi við að innleiða Barnasáttmálann í starfsemi sína. Til að svara þessari eftirspurn hóf UNICEF á Íslandi að þróa verkefni fyrir innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélaga – verkefnið *barnvæn sveitarfélög*. Verkefnið hefur til þessa verið innleitt í þremur sveitarfélögum en langir biðlistar hafa skapast. Með stuðningi Félags- og barnamálaráðherra mun nú öllum sveitarfélögum á landinu standa til boða að gerast barnvæn sveitarfélög á næstu árum.

Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög (www.barnvaensveitarfelog.is) er líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna inn í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Hugmyndafræðin byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, sem hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga út um allan heim frá 1996. Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Innleiðingarferlið skiptist í átta skref sem stigin eru með stuðningi og ráðgjöf starfsmanna UNICEF, en sveitarfélög sem ljúka ferlinu og standast úttekt hljóta viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög.

Samstarf Félagsmálaráðuneytis og UNICEF við innleiðingu verkefnisins

Akureyri hóf innleiðingu verkefnisins árið 2016, fyrst sveitarfélaga á Íslandi við góðan orðstýr. Í kjölfarið fylgdu Kópavogur (2018) og Hafnarfjörður (2019). Áhugi á þátttöku í verkefninu hefur verið mikill og biðlistar myndast, þar sem UNICEF hefur hingað til ekki getað annað eftirspurn áhugasamra sveitarfélaga.

Þann 18. nóvember 2019, í tilefni að 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna, undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Bergsteinn Jónsson framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi samning um samstarf við félagsmálaráðuneytið við innleiðingu verkefnisins undir formerkjunum *barnvænt Ísland*. Markmið samstarfsins er að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Fyrstu skref samstarfsins felast í því að á árunum 2020 – 2021 munu allt að 18 ný sveitarfélög geta hafið þátttöku í verkefninu.

Þau sveitarfélög sem taka þátt munu hafa forgang að uppsetningu mælaborðs sem hefur að geyma safn mælinga úr rannsóknum á velferð og stöðu barna og ungmenna innan sveitarfélagsins, mælingarnar eru 80 talsins. En á næstu misserum er stefnt að því að mælaborðið verði einnig aðgengilegt öllum sveitarfélögum á landinu. Frekari upplýsingar um [aðferðafræði við gerð mælaborðsins má finna hér](#).

Mælaborðið var þróað af Kópavogsbæ í samstarfi við Félagsmálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi, en það hlaut nýlega alþjóðlega viðurkenningu UNICEF *Child Friendly Cities Initiative Inspire Awards* fyrir



framúrskarandi lausn og nýsköpun í nærumhverfi barna. Verðlaunin voru veitt á ráðstefnu í Köln sem haldin var haustið 2019.

Auglýst eftir umsóknum áhugasamra sveitarfélaga

Opnað hefur verið fyrir umsóknir og er áhugasöm sveitarfélögum um allt land hvött til að kynna sér verkefnið og skrá sig til leiks. Verkefnisstjóri barnvæns Íslands, Hjördís Eva Þórðardóttir (hjordis.thordardottir@frn.is) og verkefnastjóri barnvænna sveitarfélaga, Marín Rós Eyjólfsdóttir (marin@unicef.is) veita gjarnan allar nauðsynlegar upplýsingar um verkefnið en einnig bendum við á heimasíðu verkefnisins (www.barnvaensveitarfelog.is).

Virðingarfyllt,

Ásmundur Einar Daðason

Ásmundur Einar Daðason
Félags- og barnamálaráðherra

Bergsteinn Jónsson

Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi